

Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2009 Starfsárið 2008-2009

Sumarið 2008 var tíðindalítið hjá félaginu og heldur treglega gekk að kalla saman stjórnarfundi.

Fræðslukvöld í Sjóminjasafninu

Ekki hefur starfsemin þó legið alveg niðri. Þrjú fræðslukvöld voru haldin í Sjóminjasafni Reykjavíkur – Víkinni.

Málþing á Neskaupstað

Í mars fékk félagið Fjarðarbyggð til liðs við sig og efnt var til málþings á Neskaupstað. Þar komum við saman á einum fegursta degi vetrarins og var mæting góð og góður rómur gerður af fyrirlesurum, sem voru fjórir. Eftir málþing var síðan farið í vettvangskönnun og dagskránni lauk með kaffi á nýju kaffihúsi bæjarins þar sem tóm gafst til óformlegra umræðna.

Málþing á Húsavík

Í maí byrjun voru Húsvíkingar sóttir heim og málþing haldið í Safnahúsinu á Húsavík. Þar fékk félagið til liðs við sig Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Safnahúsið, Hvalasafnið, Þekkingarsetur Þingeyinga og Norður-Siglingu. Um fimmtíu manns sóttu málþingið sem er margfalt betri þátttaka en heimamenn höfðu gert sér vonir um. Fyrirlesarar voru sex. Eftir málþing var farið í Helguskúr og þaðan í hádegisverð á Gamla Bauk og svo var siglt um Skjálfandann.

Ráðstefna norrænu vitafélaganna á Álandseyjum

Dagana 5. og 6. júní 2009 er ráðstefna norrænu vitafélaganna á Álandseyjum. Þangað mætir formaður félagsins og heldur fyrirlestur og kynnir félagið og strandmenningu á Íslandi. Fyrir hönd Húsafriðunaneyfndar fer Magnús Skúlason, fráfarandi forstöðumaður.

Sjómannadagurinn endurlífgaður

Eitt sinn var það á stefnuskrá félagsins að vinna að því að sjómannadagshelgin verði gerð að strandmenningarhelgi um land allt. Sumstaðar er nánast hætt að minnast þessa merkisdags og því full ástæða til að standa vörð um hann.

Efling strandmenningar

Þó starf félagsins hafi ekki verið með líflegasta móti síðasta ár, þá hefur tilurð Íslenska vitafélagsins orðið til þess að mörg verkefni eru nú í gangi þar sem unnið er að eflingu strandmenningar og eflaust er þess ekki langt að bíða að þetta ágæta hugtak rati í orðabækur.

Listsýningar í vitum

Gleðilegt er einnig að vita til þess að listsýningar skuli nú vera í fjórum vitum landsins á vegum Listahátíðar, en það var einmitt á vegum félagsins sem fjöllistakonan Arna Valsdóttir reið á vaðið og sýndi í Garðskagavita árið 2005.

Eins og áður eru það margir sem leita ráða hjá félaginu og fyrirspurnir koma reglulega erlendis frá.

Stjórn Íslenska vitafélagsins þakkar öllum þeim sem lagt hafa leið sína á fræðslukvöld félagsins og einnig þeim sem hafa haldið erindi á þessum kvöldum.

Vonandi verða fræðslukvöldin og málþingin fleiri er hausta tekur, bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu.

Framundan er sumarið með nóttlausri veröldinni og vonandi eigum við sem flest eftir að njóta stefnumóta við strönd og haf.

Sigurbjörg Árnadóttir
Formaður